



## **Reglur fyrir Dagdvöl aldraðra Skagafirði**

### **1. gr.**

#### **Markmið og markhópur**

Megintilgangur Dagdvalar aldraðra er að vera stuðningsúrræði fyrir íbúa sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið heima. Dagdvöl er ætluð einstaklingum 67 ára og eldri sem búa heima og eiga lögheimili í Skagafirði. Skagafjörður annast rekstur á 11 dagdvalarrýmum sem heimild er fyrir frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, sbr lög um málefni aldraðra nr. 125/1999 og reglugerð um daggjöld fyrir dvalarrými, dagdvalarrými og hjúkrunarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2015. nr. 1185/2014. Hægt er að sækja um undanþágu ef umsækandi er undir 67 ára aldri og gild rök eru fyrir hendi.

### **2. gr.**

#### **Skipulag þjónustu**

Dagdvöl aldraðra er veitt alla virka daga. Fjöldi dvalardaga fer eftir þörf umsækjanda og óskum. Dagdvöl er til húsa í Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki. Í Dagdvöl er boðið upp á flutningsþjónustu til og frá heimili einstaklings, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf, sundleikfimi, léttar líkamsæfingar í tækjasal, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun.

### **3. gr.**

#### **Gjaldtaka**

Notendur Dagdvalar greiða daggjald fyrir veru sína hverju sinni samkvæmt reglugerð Heilbrigðisráðuneytis um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum og árlegum ákvörðunum Skagafjarðar um gjaldskrá. Notandi sem ekki nýtir rými sitt í Dagdvöl greiðir daggjald að frádregnu fæðisgjaldi enda óski hann eftir að halda plássinu.

### **4. gr.**

#### **Mat á þörf fyrir þjónustu**

Umsókn skal berast Dagdvöl aldraðra á sérstökum eyðublöðum sem þar fást eða á heimasíðu Skagafjarðar. Á þeim skal koma fram ástæða umsóknar, þjónusta sem sótt er um, lýsing á heilsufari, líkamlegri færni og andlegu ástandi ásamt fjölda daga sem sótt er um. Með undirskrift veitir umsækjandi heimild til að haft verði samband við heimilislækni, starfsfólk heimahjúkrunar eða aðra þá er þekkja til umsækjanda, ef þörf krefur.

Við mat á umsókn er framkvæmt InterRAI mat (RAI-HC) til að meta heilsufar og umönnunarpörf umsækjanda. Matstækið er jafnframt notað til að meta þörf einstaklings fyrir þjónustu. Sé biðlisti eftir plássi í dagdvöl er notast við niðurstöður interRAI matsins til að raða á biðlista.

## 5. gr.

### Afgreiðsla umsókna

Sérstakt teymi sem í eru yfirmaður Dagdvalar aldraðra og stuðnings- og stoðþjónustu og sérfræðingar félagsþjónustuyfirmaður heimahjúkrunar HSN og aðrir þeir sem tilnefndir eru þaðan. Teymið metur umsóknir og tekur ákvörðun út frá þeim upplýsingum sem fram koma í umsókn og fylgigögnum.

Innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst fá umsækjendur skriflegt svar við umsókninni. Ef umsókn er samþykkt er tiltekið annað hvort að viðkomandi sé boðin dagdvöl eða hins vegar að umsækjandi sé kominn á biðlista og verði boðin þjónusta þegar rými losnar. Sé umsókn synjað fylgir rökstuðningur synjuninni og upplýsingar um að umsækjandi geti farið fram á að til Félagsmála- og tómstundaneftndar fjalli um umsóknina.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmála- og tómstundaneftndar til úrskurðarneftndar velferðarmála. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmála- og tómstundaneftndar.

## 6. gr.

### Kynning á þjónustu

Yfirmaður Dagdvalar aldraðra, hefur samband við umsækjanda af biðlista þegar rými losnar, býður honum og eftir atvikum aðstandanda að koma í viðtal og fá kynningu á Dagdvölinni. Aðstaða staðarins er sýnd, starfsemin kynnt og sú þjónusta sem í boði er.

Að undirbúningi loknum er skipulögð einstaklingsmiðuð þjónusta í samráði við umsækjanda og getur Dagdvöl hafist eða viðkomandi fer á biðlista.

Umsækjandi er beðin um að veita aðstandanda umboð til að afla og veita upplýsingar um greiðslur, réttindi og gæta hagsmuna viðkomandi hjá Skagafirði.

## 7. gr.

### Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnt einkahögum umsækjanda eða annarra í stafi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.